

Seðlabanki Íslands hækkar stýrivexti

Bankastjórn Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að hækka stýrivexti bankans um 0,5 prósentur í 15,5%. Vaxtahækkunin fylgir í kjölfar 1,25 prósentna hækkunar 25. mars sl. Verðbólga á fyrsta fjórðungi ársins varð 2 prósentum meiri en spáð var í nóvember sl. og horfur eru á að hún aukist enn í kjölfar þeirrar gengislækkunar sem orðið hefur á undanförunum vikum áður en hún tekur að lækka á ný. Vaxtahækkun 25. mars er fylgt eftir með þeirri ákvörðun sem nú er kynnt þar sem verðbólguvæntingar eru enn mjög miklar. Þær hafa vaxið og eru nú meiri en um langa hríð. Þær verða að hjaðna.

Þjóðhagsspá sem birtist í *Peningamálum* nú bendir til þess að samdráttur verði í efnahagslífinu á spátímanum. Sú þróun er í raun óhjákvæmileg aðlögun þjóðarbúskaparins eftir margra ára ójafnvægi. Þrátt fyrir það verður meðalhagvöxtur árána 2005 til 2010 viðunandi.

Dregið hefur úr innstreymi fjármagns og fjármögnun viðskipta-hallans verður dýrari en undanfarin ár. Vegna mikilla skulda heimila og fyrirtækja mun gengislækkunin sem orðin er hafa samdráttaráhrif en viðvarandi verðbólga kemur skuldsettum heimilum og fyrirtækjum verst og grefur undan stöðugleika fjármálakerfisins til lengri tíma. Það er því þjóðarnaúðsyn að verðbólga verði hamin.

Forsenda þess að beita megi peningastefnunni til þess að bregðast við samdrætti í efnahagslífinu er að verðbólga sé hófleg. Raun-gengi fór nærri sögulegu lágmarki og gengi krónunnar er óæskilega lágt. Aðlögun raungengis að langtímajafnvægi getur annaðhvort gerst með hækkun gengis eða verðlags. Varanleg gengislækkun við núverandi aðstæður skilar sér fljótt í herra verðlagi. Spenna er enn á vinnu-markaði og framleiðsluspenna veruleg. Æskilegt er að gengi krónunnar styrkist frá þeirri dýfu sem það tók í mars. Vaxtahækkunin 25. mars, ásamt öðrum aðgerðum sem þá voru kynntar, studdi við gengi krónunnar. Það hefur hækkað nokkuð síðan.

Vaxtahækkun ein og sér leysir ekki vandann sem skapast hefur á gjaldeyrisskiptamarkaði. Aukin útgáfa tryggra skuldabréfa sem eru aðgengileg erlendum fjárfestum ætti hins vegar að opna aðra farvegi gjaldeyrisinnstreymis.

Brýnasta verkefni Seðlabankans er að ná verðból gumarkmiðinu eins fljótt og auðið er. Miklir eftirspurnarhnykkir undanfarinna ára og óvenjuleg skilyrði á alþjóðlegum fjármálamörkuðum hafa tafið það verk. Engin efni eru til þess að gefa eftir í þeirri baráttu.

